



DALVÍKURBYGGÐ

DEILISKIPULAG ÍÞRÓTTASVÆÐI DALVÍKUR

GREINARGERÐ

Tillaga 16. febrúar 2018



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

EFNISYFIRLIT

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Yfirlit | 2 |
| 1.1 | <i>Skipulagssvæðið</i> | 2 |
| 1.2 | <i>Breyting á aðalskipulagi</i> | 3 |
| 2 | Forsendur | 4 |
| 2.1 | <i>Byggðapróun</i> | 4 |
| 2.2 | <i>Staðhættir</i> | 4 |
| 2.3 | <i>Menningarminjar</i> | 4 |
| 3 | Deiliskipulagsákvæði | 5 |
| 3.1 | <i>Almenn atriði</i> | 5 |
| 3.2 | <i>Íþróttasvæði</i> | 5 |
| 3.2.1 | <i>Auglýsingaskilti</i> | 5 |
| 3.3 | <i>Lóðir</i> | 5 |
| 3.4 | <i>Byggingarreitir</i> | 5 |
| 3.4.1 | <i>B1 – Áhorfendastúka</i> | 5 |
| 3.4.2 | <i>B2 – Áhaldageymsla</i> | 5 |
| 3.5 | <i>Aðkoma og aðgengi</i> | 6 |
| 3.5.1 | <i>Aðkoma að svæði</i> | 6 |
| 3.5.2 | <i>Bílastæði</i> | 6 |
| 3.5.3 | <i>Stigakerfi</i> | 6 |
| 3.5.4 | <i>Veghelgunarsvæði</i> | 6 |
| 3.6 | <i>Hljóðvist</i> | 6 |
| 3.7 | <i>Lýsing</i> | 6 |
| 3.8 | <i>Veitur</i> | 6 |
| 3.9 | <i>Framkvæmd deiliskipulagsins</i> | 7 |
| 3.10 | <i>Áhrifamat</i> | 7 |
| 4 | Kynning, samráð og skipulagsferli | 8 |
| 4.1 | <i>Lýsing</i> | 8 |
| 4.2 | <i>Kynning og auglýsing</i> | 8 |
| 4.2.1 | <i>Auglýsing</i> | 8 |
| 4.2.2 | <i>Athugasemdir og afgreiðsla</i> | 8 |
| 4.3 | <i>Samþykkt</i> | 9 |
| 5 | Heimildaskrá | 10 |

1 YFIRLIT

Deiliskipulag íþróttasvæðis Dalvíkur var unnið í tveim áföngum. Fyrri áfangi var unninn af Kollgátu arkitektúr og var tillaga að deiliskipulagi samþykkt á fundi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar þann 4. september 2013. Skipulagið öðlaðist ekki lögformlegt gildi og er því ekkert deiliskipulag í gildi fyrir íþróttasvæði Dalvíkur. Í júní 2017 hófst skipulagsvinna að nýju. Deiliskipulagið er unnið á Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. af Árna Ólafssyni og Önnu Kristínu Guðmundsdóttur.

Tilgangur skipulagsins er að styrkja svæðið í heild sem fjölnota íþróttasvæði með stefnu fyrir framtíðar uppbyggingu.

Í skipulaginu eru eftirtalin meginatriði:

- Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir, knattspyrnu og strandblak á íþróttasvæði er bætt.
- Gert ráð fyrir aðkomu og bílastæðum sunnan við velli.
- Aðgengi um svæðið bætt, m.a. verður göngustígur meðfram Skíðabraut/Ólafsfjarðarvegi.
- Bæta útlýsingu til að auka notkunarmöguleika í skammdeginu.
- Byggingarreitir fyrir áhaldageymslu og stækkun áhorfendastúku skilgreindir.
- Hugað er að umgjörð svæðisins með gróðri og hljóðmön.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi, skipulagsuppdráttur og skýringaruppdráttur dags. 16. febrúar 2018.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ


Skipulagssvæðið er sunnan núverandi byggðar á Dalvík og mótar andlit bæjarins til suðurs. Afmörkun til austurs miðast við miðlínu Ólafsfjarðarvegur og Skíðabrautar, að norðan við lóðamörk Skíðabrautar 18 og 20 og tjaldsvæði. Skipulagsmörk ná vestur fyrir sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar Dalvíkurbyggðar og suður um óbyggt land að Ásgarði. Skipulagssvæðið er 8,4 hektarar.



Mynd 1: Loftmynd af skipulagssvæði, brotalína sýnir skipulagsmörk 8,4 ha.

1.2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Deiliskipulagsmörk falla í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 innan landnotkunarreita 402-O/S, 404-O/S og 406-A/Íb/V. Aðalskipulagsbreyting er auglýst samhliða auglýsingu deiliskipulags en í henni er íþróttasvæðið skilgreint sem ein heild með númerið 404-Íþ.



Mynd 2: Þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020, gildandi skipulag og breytingartillaga.

2 FORSENDUR

2.1 BYGGÐAÞRÓUN

Í sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð búa 1.831 manns og á Dalvík búa um 1.334 íbúar.¹ Dalvík er þungamiðja verslunar, þjónustu og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Íþróttastarf er öflugt í Dalvíkurbyggð en starfrækt eru íþrótt- og tómstundafélög sem nýta íþróttasvæðið. Markmið í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 eru að unnið verði að uppbyggingu fjölbreyttrar íþróttastöðu með áherslu á holla hreyfingu, almenningsíþróttir og keppnis- og afreksíþróttir.

2.2 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er umvafið náttúrufegurð með víðsýni til allra átta. Landið rís til vesturs en hæðarmunur innan skipulagsmarka er um 10 metrar. Syðsti hluti er óbyggt svæði með grónu, röskuðu landi.

Innan skipulagssvæðis er Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar með sundlaug, heitum pottum og rennibraut í sundlaugargarði. Aðkoma fyrir akandi að íþróttasvæði og Íþróttamiðstöð er um íbúðargötuna Svarfaðarbraut og eru þar malbikuð bílastæði fyrir gesti. Einnig er aðkoma frá þjóðvegi að malarbílastæði sunnan við æfingavöll. Núverandi jarðvegsmön og gróður við æfingavöll veitir skjól fyrir ríkjandi vindáttum og aðgreinir svæðið frá þjóðvegi. Milli knattspyrnuvalla og á jarðvegsmön eru auglýsingaskilti.

Knattspyrnuvöllir eru tveir, aðalvöllur fyrir keppnisleiki og æfingavöllur. Keppnisvöllur er flokkaður í D-flokk hjá KSÍ en báðir vellar eru grasvellar. Áhorfendastúka með 104 sætum er vestan við aðalvöll en austan við eru tvö varamannaskýli, hvort fyrir 12 leikmenn. Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir er úr sér gengin.



Mynd 3: Einfalt landlíkan sem skýrir núverandi staðhætti innan skipulagsmarka.

2.3 MENNINGARMINJAR

Enginn minjastaður er merktur innan deiliskipulagsmarka samkvæmt hnitsettum gögnum Fornleifastofnunar Íslands. Einn minjastaður, EY-101:010, er skráður suðvestan við svæðið en það eru Sandgerðishólar samkvæmt fornleifaskráningu.² Skipulagssvæðið er allt raskað land. Finnist fornleifar sem áður voru ókunnar við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir, samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

¹ Hagstofa Íslands, 2017.

² Adolf Friðriksson og fleiri, 1999.

3 DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI

3.1 ALMENN ATRIÐI

Landnotkun er íþróttasvæði, í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Skipulagssvæðið er 8,4 ha. Frágangur og aðgengi skal almennt vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

3.2 ÍÞRÓTTASVÆÐI

Á skipulagsupprætti eru sýndir reitir fyrir íþróttavelli og á skýringarupprætti er nánari útfærsla sýnd. Staðsetning valla er frjáls innan uppgefinna reita.

Gert er ráð fyrir að á keppnisvelli verði gervigras til að auka notkunarmöguleika svæðisins. Þar verða fjögur ljósmöstur fyrir utan öryggissvæði vallarins sem nær 6 m frá hliðarlínunum og 7,5 m frá endalínunum. Keppnisvöllur og æfingavöllur eru 68x105 m að stærð.

Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir er færð að æfingavelli. Fjórar 400 metra hlaupabrautir verða umhverfis æfingavöll og austan hans verða sex 100 metra hlaupabrautir og aðstaða fyrir langstökk. Gert er ráð fyrir tveimur kastsvæðum, styttra kastsvæði verður við æfingavöll og lengra sunnan við gervigrasvöll.

Sunnan við íþróttamiðstöðina hafa verið settir upp tveir strandblaksvellir. Kringum vellina er 3 metra öryggissvæði og er stærð vallanna ásamt öryggissvæði 572 m² eða 26x22 m. Að strandblaksvöllum er akstursbreiður göngustígur.

3.2.1 AUGLÝSINGASKILTI

Auglýsingaskilti skulu einungis beinast að gestum svæðisins til að minnka áreiti á nærliggjandi umhverfi og umferð. Upplýsingaskilti um starfsemi íþróttasvæðis mega beinast að umferð og vegfarendum utan svæðis.

Um staðsetningu auglýsingaskilta innan íþróttasvæðis skal taka tillit til 12. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga nr. 10/2017. Skilti umhverfis knattspyrnuvöll mega ekki skerða útsýni áhorfenda á völinn.

3.3 LÓÐIR

Tvær nýjar lóðir eru skilgreindar í deiliskipulaginu, lóð íþróttamiðstöðvar verður um 1,7 ha og lóð íþróttasvæðis 5,9 ha að stærð. Opin svæði eru skilgreind utan þeirra lóðamarka. Sunnan íþróttamiðstöðvar er opið svæði sem hefur möguleika á að tengjast útivistarsvæði í fyrirhugaðri íbúðabyggingu.

3.4 BYGGINGARREITIR

Tveir byggingarreitir eru skilgreindir í deiliskipulaginu, B1 og B2. Á skipulagsupprætti er tilgreint hámarks byggingarmagn. Ekki er sýndur byggingarreitur um núverandi byggingar.

3.4.1 B1 – ÁHORFENDASTÚKA

Byggingarreitur fyrir áhorfendastúku er skilgreindur eftir endilangri vesturhlið keppnisvallar. Reiturinn er 10,5x105 m að stærð. Leyfilegt er að byggja við núverandi áhorfendastúku eða endurnýja t.d. stúku með allt að 500 sætum. Áhorfendastúka má vera yfirbyggð að hluta og nýta má landhalla fyrir kjallara.

3.4.2 B2 – ÁHALDAGEYMSLA

Byggingarreitur fyrir áhaldageymslu er milli íþróttavalla. Reiturinn er 7x24 m að stærð. Heimilt er að byggja einnar hæðar áhaldageymslu og má reisa stígatöflu á þaki byggingarinnar.

3.5 AÐKOMA OG AÐGENGI

3.5.1 AÐKOMA AÐ SVÆÐI

Umferðarskipulag svæðisins helst óbreytt að frátalinni aðkomu frá Ólafsfjarðarvegi sunnan Íþróttavalla þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum. Þaðan verður aksturstenging fyrir starfseminna að Íþróttamiðstöð en almennur gegnumakstur verður ekki leyfður nema við sérstök tilefni.

Á uppdráttum er sýnd með brotalínu hugsanleg aðkoma frá nýrri íbúðabyggð sem verður sunnan við Íþróttasvæðið. Sú aðkoma verður útfærð í tengslum við deiliskipulag aðliggjandi svæðis. Þá verður ekki gert ráð fyrir gegnumakstri fyrir almenna umferð.

3.5.2 BÍLASTÆÐI

Við aðkomu frá Ólafsfjarðarvegi er gert ráð fyrir allt að 127 nýjum bílastæðum, rútustæðum og 4 stæðum fyrir hreyfihamlaða. Annars vegar eru hefðbundin malbikuð stæði með eyjum til stýringar og hins vegar opin stæði með gegndræpu yfirborði s.s. grassteini. Á álagstímum er möguleiki á að nýta svæði við aksturstengingu fyrir allt að 44 bílastæði á burðarhæfu grasyfirborði. Bætt er við tveimur stæðum fyrir hreyfihamlaða við Íþróttamiðstöð.

3.5.3 STÍGAKERFI

Á skipulags- og skýringaruppdráttum eru göngustígar sýndir eftir tveimur litaflokkum. Annars vegar er um að ræða göngustíga á Íþróttasvæði og hins vegar fyrirhugaðan útivistarstíg í gatnakerfi Dalvíkur sem heldur áfram út fyrir skipulagssvæðið. Við suðvestur skipulagsmörk er sýndur göngustígur innan Íþróttasvæðis sem mun vera framtíðartenging við fyrirhugaða íbúðabyggð.

Breidd göngustíga er 2,2 til 3 metrar. Vanda skal útfærslu og frágang göngustíga og skulu þeir lýstir með viðeigandi ljóseiginleikum.

3.5.4 VEGHELGUNARSVÆÐI

Fyrirhugaður útivistarstígur meðfram Ólafsfjarðarvegi/Skiðabraut er utan við veghelgunarsvæði þjóðvegjar. Breidd veghelgunarsvæðis er 4 m í samræmi við Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Miðað er við hönnunarhraðann 60 km/klst og að umferð aukist að meðaltali um 3,5% næstu 20 ár og fari yfir 3.000 ÁDU.

3.6 HLJÓÐVIST

Gæta skal sérstaklega að því að hljóðvist verði ekki færð í verra horf en nú er. Á uppdrætti eru sýndar núverandi jarðvegsmanir, annars vegar við þjóðveg og hins vegar við tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir framlengingu manar við þjóðveg til suðurs. Gróðursetja á trjá- og runnagróður víða um svæðið til að styrkja umgjörð og milda neikvæð áhrif frá umferð. Staðsetning gróðurs á skýringaruppdrætti er ekki bindandi heldur til leiðbeiningar.

3.7 LÝSING

Bætt útlýsing eykur notkunarmöguleika svæðisins í skammdeginu. Flóðlýsing á Íþróttasvæði skal fylgja viðeigandi stöðlum og reglugerðum. Huga þarf að ljósgæðum útlýsingar á bílastæðum og göngustígum og skal lampabúnaður styrkja ásýnd umhverfisins. Lampar skulu skerma ljósdreifingu til að valda ekki glýju eða ljósmengun á nærliggjandi svæði. Munur skal vera á karakter lýsingar á göngustígum innan Íþróttasvæðis og útivistarstíg meðfram þjóðvegi.

3.8 VEITUR

Ný mannvirki innan skipulagssvæðis verða tengd við núverandi veitukerfi Dalvíkurbyggðar.

3.9 FRAMKVÆMD DEILISKIPULAGSINS

Eftir gildistöku deiliskipulagsins skulu framkvæmdir og breytingar vera í samræmi við ákvæði þess. Við endanlega hönnun mannvirkja og umhverfis eru minniháttar frávik frá skipulagslínnum möguleg án þess að breyta þurfi deiliskipulaginu formlega. Þetta á t.d. við hönnun bílastæða, legu göngustíga og fyrirkomulag gróðurs. Við minniháttar breytingar á skipulaginu skal viðhafa grenndarkynningu en breytingar, sem kunna að hafa áhrif á hagsmuni annarra skal auglýsa í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

3.10 ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa engin áhrif á fornleifar eða sérstök náttúrufyrirbrigði. Lítil áhrif verða á útsýni frá nærliggjandi svæðum. Skipulagið hefur jákvæð áhrif á samfélag og lýðheilsu.

4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

4.1 LÝSING

Lýsing skipulagsverkefnisins var gerð í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar er kveðið á um að við upphaf skipulagsvinnu skuli taka saman og leggja fram lýsingu á verkefninu þar sem skýrt er frá helstu forsendum, áherslum og skipulagsferli. Í upphafi verks var umsagnaraðilum og almenningi þannig gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin var auglýst í október 2017.

Umsagnaraðilar skipulagslýsingar voru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veitustofnanir
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Svör bárust frá umsagnaraðilum og haft var samráð við Vegagerðina um staðsetningu gatnamóta við Ólafsfjarðarveg.

4.2 KYNNING OG AUGLÝSING

Fyllt í eftir framvindu.

4.2.1 AUGLÝSING

Fullunnin skipulagstillaga er auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur.

4.2.2 ÁTHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA

Skipulagsnefnd fer yfir athugasemdir sem berast að athugasemdarfresti loknum. Gefi athugasemdir tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

4.3 SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
frá _____ til _____ var samþykkt í umhverfisráði
þann _____ og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar
þann _____

sveitarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

5 HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. (1999). *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fornleifastofnun Íslands.

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Dalvíkurbyggð. (2012). *Húsaskráning í Dalvíkurbyggð: 1. áfangi*. Dalvík: Byggðasafnið Hvoll.

Hagstofa Íslands. (2017). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2017*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013